

Nýir sérfræðingar



VILBORG GRÉTARSDÓTTIR

fékk réttindi sem sérfræðingur í félagsráðgjöf á sviði barnaverndar þann 3. apríl 2025. Hún útskrifaðist sem þroskaþjálfari frá Kennaraháskóla Íslands árið 1998 og starfaði í sérdeild í Gagnfræðaskólanum í Mosfellsbæ í fjögur ár. Vilborg lauk námi í félagsráðgjöf til starfsréttinda frá Háskóla Íslands árið 2005 og árið 2016 lauk hún viðbótardiplómu í barnavernd frá HÍ og MA-prófi í félagsráðgjöf árið 2022, einnig frá

HÍ. Hún hefur starfað hjá Barnavernd Reykjavíkur frá árinu 2005 og sérhæft sig í málefnum unglinga. Hún starfaði í 14 ár sem ráðgjafi í unglingamálum og frá árinu 2018 hefur hún starfað sem deildarstjóri í meðferðarteymi eldri barna.

Vilborg sat í stjórn fagdeildar félagsráðgjafa í barnavernd á vegum Félagsráðgjafafélags Íslands frá 2013-2017 og hefur setið í ýmsum samráðshópum er varða málefni barna og ungmenna.

Í MA-ritgerð sinni fjallaði hún um stöðu ungmenna sem hafa átt við vímuefnavanda að stríða og notið

stuðnings barnaverndar: „Þangað til eiturlyf sviku mig“, staða ungmenna eftir 18 ára sem hafa átt við vímuefnavanda stríða og hafa notið stuðnings barnaverndar“.

Vilborg birti ásamt fleirum ritrýnda grein í félagsráðgjafatímaritinu árið 2024: „Reynsla ungmenna af stuðningi barnaverndar – staða þeirra eftir 18 ára aldur. Vilborg hefur sótt fjölda námskeiða í gegnum árin sem tengjast fagi hennar og verið virk í endurmenntun á sviði barnaverndar, áfalla og sálrænna erfiðleika.



ÞURÍÐUR SIGURÐARDÓTTIR

fékk réttindi sem sérfræðingur í félagsráðgjöf á sviði félagsþjónustu þann 4. júlí 2024. Þuríður lauk BA námi við HÍ 1987 í uppeldisfræði með félagsráðgjöf sem aukagrein og starfsréttindanámi í Félagsráðgjöf við HÍ í febrúar 1989. Eftir útskrift og samhliða námi starfaði Þuríður við félagsþjónustu Reykjavíkurborgar bæði í hverfi 1 í miðbænum og eins í hverfi 3 í Breiðholti. Síðar starfaði hún hjá Félagsmálastofnun Akureyrar og seinna við Félags- og skólaþjónustu Þingeyinga á Húsavík. Hún leysti af sem félagsmálastjóri á Húsavík og sem félagsmálastjóri á Dalvík. Þuríður starfaði um tíma hjá Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar en starfaði frá 2006 við innleiðingu PMTO–styðjandi foreldrafærni (Parent Management Training–Oregon aðferðin) og SMT–

styðjandi skólafærni á Skólaskrifstofu Akureyrar sem verkefnisstjóri í átta ár. Hún flutti sig síðan um set og hefur starfað hjá Reykjavíkurborg síðastliðin tíu ár, í fyrstu sem verkefnisstjóri í stuðningsþjónustu í Breiðholti og kom síðan að stofnun Fjölskyldumiðstöðvar í Gerðubergi í Breiðholti sem verkefnisstjóri. Nú starfar Þuríður sem verkefnisstjóri í TINNU, virkniúrræði fyrir einstæða foreldra undir Virkni húsi hjá Reykjavíkurborg, og hefur starfað þar frá upphafi úrræðisins eða sl. átta ár.

Þuríður lauk námi í kennslufræðum til kennsluréttinda fyrir bæði grunn- og framhaldskóla í júní 2003 frá HÍ. Hún lauk námi í PMTO í maí 2008 hjá PMTO–miðstöð Íslands og viðbótar diplómanámi í PMTO–hópmeðferð og PMTO–námskeiðum í júní 2010. Þuríður lauk viðbótardiplómanámi frá HÍ í júní 2020 í starfsendurhæfingu og lauk MA-prófi í félagsráðgjöf frá Háskóla Íslands í júní 2021. Rannsókn-

arritgerð hennar „Það eru allir frekar stoltir af þessu og maður er það líka“ fjallaði um reynslu og upplifun ungs fólks sem naut fjárhagsaðstoðar hjá Reykjavíkurborg með það í huga að fá fram álit þeirra á því hvaða stuðningur og úrræði hefðu verið þeim gagnleg við að komast í virkni á vinnumarkaði eða í skóla. Þuríður hefur sótt fjölda námskeiða í gegnum árin sem tengjast fagi hennar, í félagsþjónustu, barnavernd og kennslu. Hún hefur kennt og leiðbeint á ýmsum námskeiðum við fullorðinsfræðslu hjá Fræðslumiðstöð Þingeyinga og Símenntun Eyjafjarðar. Hún hefur starfað við PMTO–foreldrafræðslu, leiðbeint á PMTO–foreldranámskeiðum, sinnt kennslu fyrir fagaðila auk þess að sinna handleiðslu PMTO–meðferðaraðila. Hún hefur einnig verið stunda- og starfsþjálfunarkennari í félagsráðgjöf við HÍ. Þuríður var í stjórn norðandeildar FÍ á árunum 2005 til 2014.